

STOFNFUNDARGERÐ

Stofnfundur opinbera hlutafélagsins Betri samgöngur ohf. var haldinn hinn 2. október 2020, í Björtuloftum í Hörpu kl. 15:30.

Mætt voru f.h. íslenska ríkisins Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með hlut ríkisins í félaginu og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Þá voru f.h. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu mætt Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar og stjórnarformaður samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar og varaformaður samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogsbæjar, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar ásamt Páli Björgvini Guðmundssyni framkvæmdastjóra samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundinum var lagt fram frumvarp að stofnsamningi fyrir Betri samgöngur ohf. með drögum að samþykktum sem teljast hluti hans.

Frumvarpið var kynnt fundarmönnum. Það var síðan borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Ákveðið var, í samræmi við samþykktir félagsins, að stjórn verði skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara. Í samræmi við samþykktir félagsins tilnefnir fjármála- og efnahagsráðherra þrjá aðalmenn og einn varamann og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tilnefna þrjá aðalmenn og einn varamann.

Aðalmenn í stjórn félagsins voru kosin:

Árni M. Mathiesen

Eyjólfur Árni Rafnsson

Guðrún Ögmundsdóttir

Gunnar Einarsson

Ólög Örvardsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Varamenn í stjórn félagsins voru kosin:

Guðrún Birna Finnsdóttir

Ármann Kr. Ólafsson

Í samræmi við ákvæði laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna félagið og samþykktir þess skipar fjármála- og efnahagsráðherra Árna M. Mathiesen sem formann stjórnar.

Nýkjörinni stjórn er falið að tilkynna félagið til fyrirtækjaskrár Skattsins og annað sem því fylgir.

Samþykkt er tillaga um að ríkisendurskoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerðin var lesin upp og hún staðfest en fundi síðan slitið.

Reykjavík, 2. október 2020

f.h. íslenska ríkisins

f.h. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

forsætisráðherra

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

fjármála- og efnahagsráðherra

bæjarstjóri Kópavogsbæjar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu